Tijenn

3. blad

„Viljinn"

Lestrarfélagsblað

í Miklabæjarsókn.

3. blað.

II. árgangur.

Ökrum 20 des. 1899.

ritstjóri Gísli Björnsson

# Barna uppfrædingin.

1. Lagaskyldan, hún er sú ad hvert barn sem fermt er eda tekid í kristinna manna tölu, skuli hafa stadist próf í eptir fylgjandi námsgreinum. Lestri, kveri, biblíusögum, skript réttritun, reikningi og þad svo ad vel sé og prestunum er falid á hendur ad ganga ríkt eptir þessu, eins og þetta væru hin helstu skilyrdi fyrir ad fá inngöngu í himnaríki og þetta getur líka átt sér stad hvad kristindómsfrædin snertir en eg ímynda mér, ad þad séu fáir, sem skrifa sig þad anad sídur reikna sig inn í himnaríki; en allt fyrir þad ~~þad~~ eru skript og reikningur fagrar listir og samum vel gagn-

en aptur er útlit fyrir ad allur fjöldinn hafi þess lítil not, og ad sá lærdómur borgi sig illa, því eg þekkji margt fólk sem bædi hefur lært skript og reikning í æsku, en sem á fullordins árunum hefur ekki stungid nidur penna eda reiknad eitt dæmi og þannig alveg týnt þessum listum nidur og eg er viss um ad margt af fólki sem nú er um tvítugsaldur og þar yfir, stadist tæplega vorpróf barna í neinni þeirra námsgrein nema ef vera skyldi í lestri; Og hver er þá árangurinn af öllu því striti og öllum þeim kostnadi, sem leidir af því, ad kenna tornæmum börnum, ádur nefndar námsgreinir? Hann er enginn eda því sem nær og er því öllum þeim peningum sem til þess er varid, sama sem kastad í sjóinn.

Eg vona nú samt, að enginn taki
orð mín þannig að eg vilji alveg láta
hætta að kenna þessar námsgreinir.
Nei, það er alls ekki meining mín.
Lestur og Kristindóm er sjálfsagt
að kenna öllum börnum undantekn-
ingarlaust, en skript, réttritun og
reikning, get eg ekki álitið nauðsyn-
legt að troða í hvaða tornæmt barns-
höfuð, sem er, án tillits til þess
hvort mögulegt er fyrir barnið að læra
er það til gagns eða ekki. Eg álít því
að laga skyldan gangi of langt í þessu
tilliti og leggi mönnum þar of þunga
og óþarfa byrði á herðar.
2 Heimilakennslan, er nú víða að
skornum skamti og efalaust minni
og verri en hún gæti verið, því það
eru fá heimili svo, að ekki sé hægt að
kenna börnum lestur og hver, það er að
segja að læra það, og víða sem hægt

er að kenna börnunum líka skript og
reikning, en heimilakennslan virðist
óðum að þverra síðan umgangskennslan
byrjaði; börnunum lítið haldið við lærdóm
nema yfir þann stutta tíma sem kenn-
arinn dvelur á heimilinu, en hinn tím-
inn allur má heita frítími barnanna
hjá því sem áður var, meðan umgangs-
kennarar þekktust ekki. Börnin ekkert
betur að sér nú, heldur en áður á meðan
heimilakennslan var eingöngu látin duga
og eptir því sem mér hefur virst frammi-
staða barnanna á vorprófunum núna í
2-3 fyrirfarandi vor, ~~þá~~ hefur mér fundist
þeim fara heldur hnignandi, hvað lær-
dóminn snerti. Eg álít því mjög nauðsyn-
legt, að heimilakennslan geti farið vax-
andi og batnandi og það er enginn efi
á því, að hún getur tekið stórum umbótum
frá því sem nú er. En hvað viðvíkur
frammistöðu barna með það að svara útúr

hverinu, þá er það ekki við búið að heim-
ila kénnslan sé þar fullnægjandi og sama
er að segja um umgangskénnsluna, það
er ekki við því að búast, að fólk, sem
hefur staðið sig svona rétt upp og ofan
fermingar árið, geti á fullorðins árunum
gjörst leiðfeður barnanna. Nei, eg
álít að það sé bara verk guðfræðinganna
og að það sé skylda þeirra, að uppfræða
ungdóminn í þeim efnum, en eigi alls
ekki að slöngva, því að mestu leiti
yfir á leikmanna stéttina, eins og nú
er farið að tíðkast. Prestarnir eru farnir
að spyrja börnin miklu sjaldnar, en
þeir gjörðu hér áður fyrri, og þótt vinur
minn, presturinn á Miklabæ eigi hér
hlut að máli eins og aðrir prestar, þá get
eg vel sagt honum það, að mér þykir
hann spyrja börnin of sjaldan.
3. Umgangskénnslan. Hún þekktist
ekki í þessu byggðarlagi fyrir nokkrum

árum og er því ekki gömul eða mjög
rótgróin, en hefur þó tíðkast nú síð-
ustu árin og mun það mikið eiga rót
sína að rekja til þess, að þingið hefur
veitt dálítinn fjárstyrk til hennar, svo
það hefur borgað sig fyrir ýmsa menn
sem ekkert hafa haft viðbundið, eða
ekki kært sig um að leggja á sig lík-
amlegt erviði að gefa sig út fyrir barna-
-kénnara, en fæstir þeirra hafa stundað
það til fleiri ára, því barnakénnara
staðan er ekkert þægileg þegar á
allt er litið, og hafa því sumir gefist
upp við hana, sem ekki hefur verið
hún eiginleg, enda ætti enginn að vera
barnakénnari, sem enga hvöt eða löngun
finnur hjá sér til þess, því starf þeirra
ber sjaldan mikinn ávöxt.
Þó er þetta nú algengt, að ýmsir
menn gefa sig út fyrir barnakénnara

an þess þeir sem hafi til þess eða hafa nokkra löngun til þess; bara gjört það í þeim góða tilgangi að halda lífinu í sjálfum sér. Það mun nú samt alloptast vera svo, að kennarinn sé svo vel að sér að hann sé fær um að kenna þær námsgreinar sem börnin þurfa að læra, þótt hitt hafi nú stundum viljað til, að þeir hafa ekki verið færir um það En það mun nú samt ekki vera aðalskilyrðið fyrir því að kennarinn sé sem best hafastur fyrir starf sitt að hann sé sem lærðastur, þótt það að vísu sé gott, en aðalskilyrðið fyrir því að kennslan gangi sem best er að mínu áliti það, að kennarinn sé lipur maður og góður við börnin og komi þeim til að þykkja vænt um sig og geti vakið hjá þeim vilja á lærdómnum ásamt löngun til að standa sig sem best.

Í einu orði sagt að það sé maður sem kunni að kenna.

Það vantar nú samt mikið á, að allir kennarar geti haft þannig lögud áhrif á börnin. Ég hef þekkt suma, sem hafa ætlað að kenna börnunum með valdi, hafa verið kaldir og stirðir við þau, skipað þeim stranglega og haft hótanir í frammi, en afdrifin hafa þá vanalega orðið þau að börnin hafa orðið ógegnin og beitt þrjósku orðið löt og leið á að læra og þar af leið-andi lært lítið sem ekkert.

Jeg man vel eptir einum karl skratta — ef eg mætti svo að orði kveða, því hann er nú dauður — sem átti að kenna mér og öðrum dreng til að stafa en hann var nú samt ekki beint lekinn til þess, því honum var lofað að vera dálitinn tíma í gustuka skyni

Við vorum að vísu gjálífir og gáska fullir, en hann kleip okkur og kreisti þegar hann var að sína okkur stafina eflaust í þeim tilgangi að þeir festust betur í minni okkar, en það vildi nú samt ekki verða, því engann stafinn gátum við lært að þekkja hjá honum og forðuðumst að koma ná lægt honum og eg veit fyrir mitt leiti að mér var ávalt illa við hann upp frá því.
Jeg segji það því aptur að það er mjög áríðandi, að kennarinn sé lipur og börnunum þykji vænt um hann.
4. Tíminn á hverjum bæ sem kennarinn dvelur er vanalega svo stuttur að þó allt sé í besta lagi og gangi vel, þá má heita svo, að aðeins sé komið gott lag á kennsluna, þegar kennarinn verður að gjöra svo vel og fara sína leið; að taka kennara á

2-4 vikur má heita sama og ekkert og eg er nærri hissa á að nokkur samviskusamur kennari, skuli gefa kost á sér til þafn stutts tíma, eg get þó ekki skilið í öðru en hann hljóti að finna til þess, hvað lítið gagn er að því og hvað það er þreytandi og leiðinlegt að þurfa að yfir gefa börnin þegar þau eru dálítið farin að komast niður í því sem þau eru að læra. Dálitla bót mætti ráða á þessu, með því að sameina börnin af næstu bæjum, þannig að þau gengi til kennarans eptir því sem hann færði sig til; þannig yrði tíminn margfalt lengri fyrir hvert barn og gerði því minna til þótt kennarinn dveldi stutt á hverjum bæ; líka væri það skemmtilegra fyrir kennarann sjálfann, því þá hefði hann fleiri lærisveina, því það er sannarlega

leidinlegt ad liggja yfir ad kenna
einum eda tveimur börnum og það
borgar sig illa ad taka mann til
þess. Þegar eg var kennari hafði eg
stundum 10 en flest 16 nemendur í
einu og það stundum yfir langann
tíma og það þótti mér sérmerlega
skemmtilegt. Það kennir líka mikið
heldur fjör, líf og keppni í börnin
við lærdóminn, að þau séu nokkuð
mörg saman. Tíminn mætti ekki
vera minni sem barnið nyti til
sagnar kennarans á hverjum vetri
en 10-12 vikur ef verulegt gagn
á að verða af kennslunni, en tími
þessi þætti aflangur á einum bæ
og væri því ekki annað en taka kenn-
arann í félagi við aðra.
5. Að kennarinn sé hinn sami
vetur eptir vetur, er þýðingar mikið

atriði og ættu því allir að hafa það
hugfast að hafa alltaf sama kennara
handa börnum sínum, því börnunum
er það miklu betra, en þá er áríðandi
að velja góðann kennara í fyrstu og
ætti það að vera hægt ef sóknarnefndin
gjörði það sem hún á að gjöra, nefnil.
að ráða einn vissann mann á hverju
hausti sem sé barnakennari í sókn-
inni og gefa svo hinum sama en engum
öðrum vottorð um að hann hafi
verið ráðinn, það er líka eins þægilegt
eins og að gefa mörgum kennurum
mér liggur við að segja fölsuð vottorð
þetta kemur líka í veg fyrir það. að
margir kennarar verði á sama blett-
inum eins og nú á sér stað. Það er
engin meining í því, að láta þá hringla
svona aptur á bak og áfram og þvælast
hvern fyrir öðrum, og gefa þeim svo

öllum vottorð um að þeir hafi allir
verið ráðnir og að börnin hafi tekið
góðum framförum, þótt kennarinn
hafi ekki dvalið nema hálfan mánuð
~~á ein~~ við barnakénnslu á einhverjum
bæ í sókninni. Sóknarnefndin ætti
því eins og eg hef sagt, beinlínis að
ráða einn mann á hverju hausti
fyrir barnakénnara í sinni sókn.
6. Kénnsluaðferðin. Hún ætti ætíð
að vera sú að láta börnin byrja
á því sem auðskilið er og létt
fyrir þau að læra. Það má snemma
fara að kenna börnunum að draga
til stafs og er þá gott að láta þau
fyrst skrifa ofaní blíantsstafi, skript-
in er seinlærð og veitir þeim því
ekki af löngum tíma til að læra
hana; áríðandi er að láta börnin
hafa fallega forskript til að stæla

eptir, svo skript þeirra með tímanum
geti orðið fögur, því það er lítið varið
í að kunna að skrifa en gjöra það illa.
Reikning er ekki til neins að kénna
mjög ungum börnum, þau þurfa að
vera búin að fá nokkuð þroskaðan
skilning til að geta lært hann og þau
læra hann aldrei til gagns nema með
því móti að þau skilji hann til
hlýtar og verður því kénnarinn
að útlista hann vel fyrir þeim.
Lestur má kénna börnum strax og
þau eru orðin svo talandi að þau
geta nefnt vel stafina, enda veitir
þeim ekki af að byrja snemma á
honum, því það er lengi verið að læra
hann svo vel sé.
Kver er ekki til neins að láta börn
læra snemma, að minnsta kosti verða
þau að vera orðin vel læs áður, því
annars er hætt við að þau læri alls

villaust. Gott er að láta þau lesa það oft áður en þau byrja að læra það það man vera nógu snemmt að þau byrji að læra hvorið 10 ára gömul

Sama er að segja um biblíu sögur það er ekki vert að byrja mjög snemma á þeim, því er best að læra þær á undan kverinu.

Réttritun er best að kenna börnum upp á það síðasta, þar eð hún er þunglærð og útheimtir mikla að gæslu og setning, best er að láta þau byrja á að skrifa uppúr bókum og síðan lesa þeim fyrir en seinast láta þau sjálf semja stýlinn sem þau eiga að skrifa þau æfast hvað best á því.

Jeg bið svo alla góða til heyrendur að taka viljann fyrir verkið, því eg finn það sjálfur að eg er ekki fær til að rita um jafn þýðingar mikið málefni.

Gísli Björnsson

# Tímamót.

Þá er komið að því takmarki, að 1899. jólahátíð þessarar aldar, er þegar komin, og í nánd hinn síðasti nýjársdagur. Ó, kæru lesendur! Alvarlegt er að renna huga sínum yfir skeiðrúm tímans:

Óðfluga renna aldar hjól,
árin og dagarnir líða;
lækkar á himni lífsins sól;
leiðarspor engin vor bíða;
ó, æskan hverfur, björt og blíð,
breytingum háð er mannsins tíð.
Allir fá eitthvað að stríða!

Við skulum nú fáein augnablik, renna huga okkar yfir leiksvið lífsins, kæri lesari minn! Það getur haft góð áhrif á hugsunarhátt okkar og hvílt okkur um stund, við jarðnesku ástríðurnar.

— — —

Allir hafa meira eða minna að þakka, á umliðinni æfi. Marga gleðistund eigum við geymda í skauti liðinna tíða. Oft sátum við í sólskinsbletti lífsheiðarinnar og skemmtum okkur ýmist við barnslega og sak-

lausa gleði, eða við samveru blíðra vina og elskenda. Heilbrigði og vellíðun komu til okkar, ýmist meiri eða minni. Fegurð náttúrunnar skemmti auga okkar og indæli hennar faðmaði okkur.

Mörg gæðin voru breidd á borð lífsins og við áttum og máttum, velja þar úr. Oft komu góðir menn á veginn til okkar og glöddu okkur ýmist með liðveislu eða með góðum og gagnlegum and-

um. Já, mikið er það þakklæti, sem okkur ber að senda himnaföðurnum. Ó, við lyftum upp augum til hans í trú, bæn og kærleika!

— — —

Við höfum líka, hér aftur á móti, orðið að mæta ýmsu sem hefur hryggt okkur og sært. Sumt — og án efa margt, hefur orsakast af okkur sjálfum. Og það er án efa, sárustu þyrnarnir. Sumt, hafa samtímismenninir veitt okkur.

Þessir áverkar, stafa af ófullkomlegleika sjálfra okkar og mannanna yfir höfuð að tala. Og enn er sumt af því mótdræga frá guði sjálfum, og það er léttasta bölið, álít ég.

Allt þetta böl og allur sársauki þessa lífs, er án efa okkur hollur og nauðsynlegur. Það gerir okkur enn meiri stríðsmenn í baráttu lífsins. Kennir okkur að leita drottins. Kennir okkur að hafa hugann ekki of

að rita um jafn þýðingar mikið málefni.
Gísli Björnsson

bundinn við það jarð-
neska — sem við verðum
að yfirgefa þá minnst
vonum varir.
Það sýnir okkur veik-
leika vorn og ófull-
komlegleika miklu
betur en nokkur kenn-
ari getur gjört. Sýnir
okkur það, að við erum
freistingum undirorpn-
ir og getum ekkert af
sjálfsdáðum. Eigum í
raun og veru ekkert
og ekki ráð á neinu —
ekki svo mikið sem
einu fótmáli eða ein-

um andardrætt.
Í öllu því mótdræga
sjáum við guðs föðurlega
umhyggju. Hversu oft
hefur hann ekki stutt
okkur á veginum og í
stormunum. Hversu oft
hefur hann ekki frelsað
okkur úr hættunum og
sent til okkar anda
sinn eða engil sinn
niður í grasgarð út-
legðarinnar. — — —
Við skulum nú fáein
augnablik ganga út úr
glaumnum og veraldar
stríðinu og upp á hina

að rita um þessa spurningar mikið málefni.
Gísli Björnsson

sólbjörtu hæð Golgata
trúar okkar. Við skulum
líta á blómið í brekk-
unni hjá Golgata, hvernig
það hefur breitt sitt lim,
breitt sín blöð út yfir all-
an heim, frá einu heim-
skauti til annars. Við
skulum sjá, hvernig litla
stjarnan, sem lýsti vitr-
ingunum úr Austurlönd-
um fyrir 1899 árum, hefur
skinið skært í gegnum
allar aldir og lýst upp
alla jörðina. Og sjá,
þetta litla blóm og þessi
litla stjarna, hafa verið

blómgast og stækkað, því
meir sem kuldinn og
myrkrið hefur orðið meira.
Og nú er blómið orðið að
svo stóru tré, að hver harm-
þrungin kristin sál, getur
fengið skjól og hvíld undir
greinum þess um allan
heim. Nú er stjarnan
orðin svo stór, björt og
hlý, að hver sannkristin
sál í heiminum, getur
öðlast þá náð, að hún
vermi upp hjarta henn-
ar og þýtt hinn kaldu
blóð hennar.
Ekkert myrkur er svo

svart, að þessi andlega
stjarna geti ekki skinið
í gegnum það — og ekk-
ert óveður er svo mikið,
að þetta andlega blóm
geti ekki blómgvast og
dafnað. — Þessa stjörnu
og þetta blóm á hver
sannkristinn maður og
þótt allur veraldarinnar
auður og skraut, væri kom-
ið saman í eitt, væri
það einskis nýtt, á móti
þessum andlegu hlutum.

Þessa andlegu gimsteina
hefur guð gefið okkur. En
guð hjálpi okkur! — við

höfum stundum ~~tapað~~ týnt
blóminu í hávaðanum
lífsins glaumi og misst
sjónar á stjörnunni. —
Við höfum stundum hafn-
að blóminu en höndlað
skaðlega ávöxtum í þess
stað! Við höfum stund-
um hafnað stjörnunni
og kosið heldur veraldar-
innar villuljós! —
En guð veri lofaður!
Nú hefur hann opnað
augu okkar á hæðinni
himnesku. Nú lítum
við yfir sorgarleikinn
á leiksviði lífsins og

að vita um þessi þýðingar mikið málefni.
Gísli Björnsson

viðurkennum það, að við erum ekkert en guð er allt. Viðurkennum það, að „hið blíða blandað stríði" er okkur einmitt fyrir bestu. —

Við ásetjum okkur því, að breyta ekkert út af stefnunni, hafandi í hendi blómið og stjörnuna í hjartanu. Við herklæðumst hjálmi hjálpræðisins, skildi trúarinnar, brynju réttlætisins, belti sannleikans og sverði andans og sjá, við hörfum inn í fyrirheitna landið — það eilífa Kanaansland; standandi með staf í höndum og biðjandi í trú, von og kærleika.

Baldvin Bergvinsson.

## Veikleikinn.

1. „Háls minn" er veikur
og höfuð mitt eins;
hjartað er stormvakin
alda;
hugurinn ~~vífjins~~ hvarflandi
mér oft til meins;
mér er ei ljóst — hvert
skal halda!

máttunum veikur, ég
verð það að sjá;
veginum freistandi
jörðunni á.

2. Hvað er ég annað
en blaktandi blað,
bliknað, er frostnóttin
kemur?
Ljós mitt er viðkvæmt
og þolir ei það,
þegar að stormurinn
lemur.
Veikur er þráður, og veikt
er mitt ráð —,
verð því að játa að
lífið er náð!

3. Fyrir það álít ég
engum það ráð
með of miklu sjálfstrausti
að halda!
Lánsfé, er kjarkur —
en lífið er háð
lending, er slysför
kann valda.
Biðjum um <u>styrk</u> og
biðjum um <u>trú</u>, —
best mun þér reynast
hér aðferðin sú!

Baldvin Bergvinsson.

---

<u>Ráðning</u> á gátu í 1.
blaði „Viljans" er
<u>blýantinn</u>.

að rita um jafn þýðingar mikið málefni:
Gísli Björnsson

# „Viljinn".

Ég hefi þegar lesið
2 hin fram hjá gengnu
blöð „Viljans". Og þar
sem hann sjálfur gefur
mér tilefni til að fara
um hann nokkrum
orðum, þá ætla ég
að leyfa mér það.

Býst samt við að
sumum þyki það ó-
þarfi og sérstaklega
sumum þeim, sem hlut
eiga að máli.—

Ég ætla að leyfa mér
að fara fáeinum orð-
um um það helsta í
þessum tveimur fyrstu
blöðum „Viljans".

Sérstaklega benda
á það sem mér finnst
að sé athugavert.

Í fyrra blaðinu eru
raddir um það að „Vilj-
inn" geti ekki unnið
neitt gagn; hafi ekki
unnið það og muni ekki
vinna það.— Þetta
álit ég ekki rétt hugs-
að.—

Við hljótum að játa það,
að ef við sjálfir reynum

að rita um jafn þýðingar mikið málefni.
Gísli Björnsson

ad vanda alla fram-
komu okkar í bladinu-
þá vinnur það talsvert
gagn. Við verdum að
rita í þann veg, að
það hafi betrandi á-
hrif á hugsunarhátt
lesendanna. Hrinda
frá okkur öllu því sem
við álítum að standi
okkur fyrir þrifum, en
láta okkur vera hugar-
haldið um það gagn-
staða. — — —

Í þessu 1. bl., er ekki
laust við að sumar setn-
ingar blandist hádi t.d. þá talað

er um fegurð kvennfólksins.
Álít ég það óviðeigandi.
Að öðru leyti er þetta fyrsta
blad ofur-meinlaust. —

Svo kemur 2. tölubl. „Vilj-
ans", fram á skodunarpláss-
id. Fremst í því bladi er
fögur hugsjón, eftir Jóhann-
es Jónsson, er hefur góð
áhrif á lesandann. Í sama
bladi er söguhorn, eftir ein-
hvern „Klaufa", fremur
laglegt. Það er eitt sér-
staklega, sem allir skáld-
sögu höfundar, þurfa að
hafa hugfast, sem er, að
sagan sýni eitthvað ein-
kennilegt, eitthvað sem
hægt er fyrir lesandann
að draga út, sem sérkenni-
leg, lærdómsrík og vekj-

ad rita um þjóðþrifa spurningar mikið málefni.
Gísli Björnsson

andi söguleg áhrif. —
Í sama blaði er kvæði eftir einhvern „grínista“. Orðið „grín“, ættum við helst ekki að brúka, þótt það sé orðið okkur talsvert tamt, því það hefur fremur leiðinlega merkingu og sérstaklega gerir höfundurinn sér sjálfum óvirðingu með „grínista“-nafninu, því „grínisti“ þýðir á okkar máli: háðblendingur! Kvæði þetta er ekki nógu fínndið til þess að svara tilgangi sínum og hefur, að ég álít, miður góð áhrif á hugsunarhátt lesenda þess, sem ekki geta ljóslega aðgreint vindulegt og óvirðulegt. Ég vil, að kvæðin, sem koma út í blaðinu okkar, séu þannig úr garði gerð, að þau hafi vekjandi áhrif á lesendann í þá átt, að beina huga hans að hinu fagra, sanna og góða, en ekki til þess að gefa tilefni til, að vekja óvirðingu fyrir slíku. —

Fleira er í þessu blaði svo sem „Samtal bónda og gests“. Ekkert skil ég í því, hvar þessi gestur hefur verið í þau 35 ár, sem þeir sáust ekki, bóndi og hann! Gesturinn er

svo ákunnugur ýmsu
hér á landi, sem breyst
hefur á þessu tímabili,
frá því sem áður var,
að manni verður það
á, að geta til að þessi
„gestur“ hafi verið í mjög
mikilli fjárlægð þessi
umgetnu ár, svo sem
norður í heimskauti
eða suður á Eldlandi
eða eitthv. þ.u.l. —

Þetta samtal þeirra gests
og bónda er annars frem-
ur gott. En mér líkar
það ekki vel, þegar verið
er að hæðast að því fólki,
sem er að reyna að fá
upplýsingu og þekkingu
samkvæmt kröfum

nútímans. Og mér líkar
heldur ekki, þá verið er
að hnýta að vinnuhjún-
um — hvort það er laust
fólk eða vistfast fólk.
Það er rétt til þess, að
eða þennan flakk upp
á móti sér, í staðinn
fyrir að reyna ~~að reyna~~
að tryggja hann sem
best og gera hann á-
nægðan með góðu at-
læti og hógværum dóm-
um. — Það er sjálfsagt
mikill vandi að dæma
um unga fólkið nú
á þessum tíma. Maður
má ekki binda sig of
mikið við þann máls-
kvarða, að bera sam-

ar allt af „nú og fyrr-
um". Allt er orðið breytt.
Tíminn, og mennirnir
með. Maðurinn lifir á
þessum tíma nú, en ekki
öðrum. Kröfur yngri
manna nú, eru allt
annað en kröfur þeirra
manna sem á undan
okkur eru gengnir.

Þeir „ungu eru tímans
herrar", og þeir líta með
allt öðrum augum á
lífið, en hinir eldri.

Menntastraumar og
ýmsar breytingar þjóð-
anna eru hér aðal-or-
sökin. Nú er frelsið
einstaklingsins orðið
meira en áður var og

kröfurnar til lífsins
fjölga bæði með því og
menntuninni. Nú er
orðið hægra að ná í
hlutina en áður var, og
af því leiðir, að hann
er enn meira brúkaður.

Þetta, verða menn að
aðgæta vel, um leið og
þeir bera saman það
sem nú er og það sem
áður var. — — —

Við skulum vera mildir
í dómum okkar um
kvennfólkið og styðja
að því, að það geti sem
mest og best aukið af
nytsamri þekkingu, því
það er spor til þess, að
þjóðlífið eflist í öllu
góðu og nái fullkomn-

unar takmarki sínu.

Við skulum efla fegurð-
artilfinninguna í hjört-
um okkar, því það er
einmitt hún, sem gerir
okkur vandvirkna, bæði
í hugsunum, orðum og
gjörðum og gerir okkur
gagnlega og dyggðuga
menn.

Ef við gerum þetta,
þá er ég viss um að
málgagnið okkar „Vilj-
inn" — vinnur mikið
gagn.

Með virðingu!

Baldvin Bergvinsson.

# Svika meðulin.

Samkvæmt boðskap inn-
anríkisráðaneytisins í Austur-
ríki 18. apríl þ. árs, er bann-
að bæði að auglýsa og selja
Voltakross um endilangt
ríkið. — Það er búið að
sanna það að hann getur
spillt hörundinu og
blóðinu. —

Voltakross, Brami
og Kínalífselexír og
öll leyndarlyf eru svik
og tál. Ættu menn því
alvarlega að athuga það
að láta ekki útlenda

prangara hafa sig fyrir
það fífl, að leggja út
peninga fyrir sviksamleg
leyndarlyf. Landið okkar
er búið að leysa af hendi
mörg þúsund krónur, fyrir
slíka heimsku. Árstekjur
Mansfeld Büllner í
Kaupm.höfn voru í fyrra
46,400 krónur, en nú í ár
53,400 kr. — sem brama-
lífselexírinn <u>einn</u> gefur af
sér! — Eigum við ekki að
~~hætta að~~ hætta ~~við~~ að láta
þennan karl græða á heimsku
okkar, kæru landar!?

Baldvin Bergvinsson.